

Ríkisábyrgðir 2002

Ríkisábyrgðir sem veittar voru á árinu 2002 voru eingöngu bundnar við lántökur sjóða í eigu ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja, stofnana og fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs. Heildarstaða á ríkisábyrgðum í lok ársins var tæplega 455 ma.kr. og hafði hækkað um tæplega 50 ma.kr. frá árinu áður. Er þá ekki talin með flugrekendatrygging ríkissjóðs í kjölfar hryðjuverkanna í New York og Washington þann 11. september 2000 sem féll niður á árinu 2002. Þessi aukning er áframhald á þróun undanfarinna ára, en heildarupphæð ríkisábyrgða hefur hækkað um tæplega 256 ma.kr. eða 128% frá árinu 1997, eftir að tillit hefur verið tekið til óreglulegra liða sem skekkja heildarmyndina.

Tölur um ríkisábyrgðir sem nú eru settar fram innihalda upplýsingar um ríkisábyrgðir vegna Landsvirkjunar og vegna viðskiptabankanna sem voru og/eða eru að hluta í eigu ríkisins og eiga enn lán með ríkisábyrgð. Lánasýslan hefur endurunnið upplýsingar varðandi ríkisábyrgðir aftur til ársins 1997 og eru þær nú birtar í fyrsta sinn. Þar er ekki um að ræða neinar breytingar frá heildarniðstöðum talna fyrri ára sem ekki eru innan eðlilegra skekkjumarka.

Nýjar ríkisábyrgðir á árinu 2002 námu alls um 61,8 ma.kr. Þar ber hæst lántökur Íbúðalánasjóðs vegna útgáfu húsbrefa og húsnæðisbréfa, samtals um 50,6 ma.kr. Lántökur Íbúðalánasjóðs voru einungis innanlands. Ríkisábyrgðir á erlendum lántökum námu alls 11,2 ma.kr. og var þar um að ræða lán Byggðastofnunar, Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins. Af þessu nam lántaka Landsvirkjunar, umfram skuldbreytingar eldri lána um 7,3 ma.kr., en ríkissjóður ábyrgist þau lán að hálfu.

Af heildartölu lána með ríkisábyrgð eru tæplega 57 ma.kr. í erlendum gjaldmiðlum og hafa þau lækkað um tæplega 5 ma.kr frá fyrra ári, m.v. gengi í lok hvers árs.

Aukningu á ríkisábyrgðum undanfarin ár má að mestu rekja til aukningar í lánnum Íbúðalánasjóðs sem fellur undir C-hluta ríkissjóðs. Hlutfall Íbúðalánasjóðs í heildartölu ríkisábyrgða var 79,3% árið 2002 og hafði hækkað úr 75,5% árið áður, en þess má geta að árið 1997 nam hlutfall húsnæðislána tæplega 65% af öllum lánnum með ríkisábyrgð.

Á undanförunum árum hafa ríkisábyrgðir á lánnum aukist talsvert hraðar en verg landsframleiðsla (VLF) og námu þær um 59% af VLF árið 2002 en voru 39% árið 1997. Ríkisábyrgðir á lánnum sem hlutfall af heildarskuldum ríkissjóðs hafa einnig aukist umtalsvert og námu 162% árið 2002 en árið 1997 var þetta hlutfall 82%.